

## REGLUGERÐ

### um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

#### 1. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 78. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup skulu vera sem hér segir:

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörusamningar	13.114.486 kr.
Þjónustusamningar	13.114.486 kr.
Verksamningar	504.396.757 kr.

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörusamningar	20.097.524 kr.
Þjónustusamningar	20.097.524 kr.
Verksamningar	504.396.757 kr.

#### 2. gr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna kynningarauglýsingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna áætlaðra kaupa á einu ári er 6.812.720 kr. fyrir þjónustusamninga og 85.159.000 kr. fyrir verksamninga, sbr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB er birt sem fylgiskjal við lög nr. 84/2007 um opinber innkaup.

#### 3. gr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna birtingar tilkynninga sem kveðið er á um í 1. mgr. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB, er 63.869.490 kr.

#### 4. gr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna gerðar sérleyfissamninga um verk er 504.396.757 kr., sbr. 56. og 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB.

#### 5. gr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna hönnunarsamkeppni, sbr. 67. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB, skulu vera sem hér segir:

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér: 13.114.486 kr.

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér: 20.097.524 kr.

6. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. 1.-5. gr. reglugerðar þessarar gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 78. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1012/2003 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup, með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. júní 2007.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefán Jón Friðriksson.*